
	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2020/EES/86/01		Íslenskt byggðakort árið 2021	1
2020/EES/86/02		Norskt byggðakort árið 2021	3
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2020/EES/86/03		Beiðni Beschwerdekommision der Finanzmarktaufsicht um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli ADCADA Immobilien AG PCC gegn Finanzmarktaufsicht	5
	III	ESB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2020/EES/86/04		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.9956 – DTC/CEPCON/Hornsea One OFTO) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	6
2020/EES/86/05		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.10021 – Netcompany/Copenhagen Airports/Smarter Airports JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	7
2020/EES/86/06		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.10028 – Black Diamond Capital Management/Investindustrial Group/Phenolic Specialty Resins Business of Hexion)	8
2020/EES/86/07		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.10030 – Ube Industries/Mitsubishi Materials Corporation/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	9
2020/EES/86/08		Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.10037 – Mitsui/Veolia/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	10

2020/EES/86/09	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.10038 – Allied Universal Topco/G4S) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	11
2020/EES/86/10	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9449 – VAG/Varta (Consumer battery, chargers and portable power and lighting business))	12
2020/EES/86/11	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9560 – Gränges/Impexmetal)	12
2020/EES/86/12	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9735 – Amex/GBT)	13
2020/EES/86/13	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9835 – Bertelsmann/Schweizerische Post/Cinfony)	13
2020/EES/86/14	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9962 – Mylan/Aspen’s EU Thrombosis business)	14
2020/EES/86/15	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9963 – Iliad/Play Communications)	14
2020/EES/86/16	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.9964 – Eurofiber Nederland/Vattenfall Wärme Berlin/Vattenfall Bitstream Infrastructure)	15
2020/EES/86/17	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.10007 – Telefónica/Banco Bilbao Vizcaya Argentaria/Movistar Money Colombia JV)	15
2020/EES/86/18	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.10019 – AP1/AP3/AP4/Telia Carrier Entities)	16
2020/EES/86/19	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.10022 – Premier Oil/Chrysaor Holdings)	16
2020/EES/86/20	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.10025 – SKN/Lothar Group/NORDTEAM JV)	17
2020/EES/86/21	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.10027 – Lone Star/McCarthy & Stone)	17
2020/EES/86/22	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.10031 – FSI/WTI/MEL)	18
2020/EES/86/23	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.10033 – Platinum Compass/OTPP/EDPL)	18
2020/EES/86/24	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.10036 – Tata Consultancy Services Netherlands/Postbank Systems)	19
2020/EES/86/25	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.10056 – PSPIB/TTishman Speyer/Carré Saint Germain)	19
2020/EES/86/26	Heimild til að veita ríkisaðstoð skv. 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins – Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við	20

2020/EES/86/27	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1779 frá 27. nóvember 2020	23
2020/EES/86/28	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1808 frá 30. nóvember 2020	25
2020/EES/86/29	Framkvæmdarákvörðun (ESB) 2020/1835 frá 3. desember 2020	26

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Íslenskt byggðakort árið 2021

2020/EES/86/01

1 Ágrip

- 1) Eftirlitsstofnun EFTA („ESA“) tilkynnir íslenskum stjórnvöldum þá niðurstöðu eftirlitsstofnunarinnar, í kjölfar mats á tilkyntri framlengingu á íslensku byggðakorti árið 2021, að framlengingin samræmist [leiðbeiningarreglum um byggðaaðstoð](#) ⁽¹⁾.
- 2) Ekki felst ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins í byggðakortinu. Því ber ekki að líta á staðfestingu ESA á byggðakortinu sem samþykki fyrir nýrri aðstoð af nokkru tagi. Staðfesting byggðakortsins ásamt leiðbeinandi reglum um byggðaaðstoð ákvarðar rammann fyrir veitingu svæðisbundinnar fjárfestingaraðstoðar. Að því leyti er byggðakortið óaðskiljanlegur hluti leiðbeinandi reglna um byggðaaðstoð ⁽²⁾.
- 3) ESA byggir ákvörðun sína á eftirfarandi sjónarmiðum.

2 Málsmæðferð

- 4) Íslensk stjórnvöld tilkynntu 19. ágúst 2020 um framlengingu á gildandi byggðakorti um eitt ár, til 31. desember 2021, í samræmi við 156. mgr. leiðbeiningarreglna um byggðaaðstoð ⁽³⁾. Íslensk stjórnvöld lögðu fram viðbótarupplýsingar 25. ágúst 2020 ⁽⁴⁾.

3 Forsaga

- 5) ESA samþykkti núverandi byggðakort fyrir tímabilið 2014-2020 með ákvörðun nr. [170/14/COL](#), ⁽⁵⁾ („ákvörðunin um samþykki“). Samþykki ESA rennur út 31. desember 2020.
- 6) ESA breytti leiðbeiningarreglum um byggðaaðstoð ⁽⁶⁾ 15. júlí 2020. Samkvæmt 156. mgr. leiðbeiningarreglna um byggðaaðstoð ásamt breytingum var EES-EFTA-ríkjunum boðið að tilkynna ætlun sína um að framlengja byggðakort sín um eitt ár fyrir 15. september 2020.
- 7) Íslensk stjórnvöld tilkynntu framlengingu á gildistíma byggðakortsins til 31. desember 2021, í samræmi við það.
- 8) Innlendar umbætur hafa orðið til þess að sveitarfélög hafa sameinast í nokkrum tilvikum á Íslandi frá því að ákvörðunin um samþykki var samþykkt. Að því er varðar þessa ákvörðun, verður áfram litið á hvert einstakt sveitarfélag innan hins sameinaða sveitarfélags sem hluta af sama svæði og 1. júlí 2014 (fyrsti dagur gildistíma byggðakortsins 2014-2020) þar til næsta breyting verður gerð á byggðakortinu.

4 Mat

- 9) Ítarlega lýsingu og mat á byggðakortinu er að finna í ákvörðuninni um samþykki. Var það niðurstaða ESA í ákvörðuninni um samþykki að byggðakortið sé í samræmi við meginreglurnar í leiðbeiningarreglum um byggðaaðstoð. Íslensk stjórnvöld hafa tilkynnt um framlengingu í samræmi við lengdan gildistíma leiðbeiningarreglnanna um byggðaaðstoð, einkum breytinguna í 156. mgr. Þar sem íslensk stjórnvöld hafa ekki tilkynnt um efnislegar breytingar aðrar en lengdan gildistíma, stendur fyrra mat ESA á samræmi byggðakortsins óbreytt.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 166, 5.6.2014, bls. 44, og EES-viðbætur nr. 33, 5.6.2014, bls. 1, breytt með ákvörðun ESA nr. [302/14/COL](#), Stjtið. ESB L 15, 22.1.2015, bls. 103, og ákvörðun ESA nr. [090/20/COL](#) (ekki enn birt í Stjtið. ESB).

⁽²⁾ 157. mgr. leiðbeiningarreglna um byggðaaðstoð eins og henni var breytt með ákvörðun ESA nr. [090/20/COL](#).

⁽³⁾ Skjal nr. 1148529.

⁽⁴⁾ Skjal nr. 1148913.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 201, 10.7. 2014, bls. 33, og EES-viðbætur nr. 40, 10.7.2014, bls. 6.

⁽⁶⁾ Ákvörðun ESA nr. [090/20/COL](#).

5 Niðurstaða

- 10) Samkvæmt þessu telur Eftirlitsstofnun EFTA að framlenging á íslensku byggðakorti fyrir árið 2021 samrýmist leiðbeiningarreglum um byggðaaðstoð. Byggðakortið mun áfram verða óaðskiljanlegur hluti leiðbeiningarreglnanna um byggðaaðstoð til 31. desember 2021.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Bente Angell-Hansen

Forseti

*Stjórnarmaður sem fer með
málaflokkinn*

Frank J. Büchel

Stjórnarmaður

Högni Kristjánsson

Stjórnarmaður

Carsten Zatschler

Meðáritar sem deildarstjóri

lagaskrifstofu

Norskt byggðakort árið 2021

2020/EES/86/02

1 Ágrip

- 1) Eftirlitsstofnun EFTA („ESA“) tilkynnir Noregi þá niðurstöðu eftirlitsstofnunarinnar, í kjölfar mats á tilkynntri framlengingu á norsku byggðakorti árið 2021, að framlengingin samræmist [leiðbeiningarreglum um byggðaaðstoð](#) ⁽¹⁾.
- 2) Ekki felst ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins í byggðakortinu. Því ber ekki að líta á staðfestingu ESA á byggðakortinu sem samþykki fyrir nýrri aðstoð af nokkru tagi. Staðfesting byggðakortsins ásamt leiðbeiningarreglum um byggðaaðstoð ákvarðar rammann fyrir veitingu svæðisbundinnar fjárfestingaraðstoðar. Að því leyti er byggðakortið óaðskiljanlegur hluti leiðbeiningarreglna um byggðaaðstoð ⁽²⁾.
- 3) ESA byggir ákvörðun sína á eftirfarandi sjónarmiðum.

2 Málsmeðferð

- 4) Norsk stjórnvöld tilkynntu 20. júlí 2020 um framlengingu á gildandi byggðakorti um eitt ár, til 31. desember 2021, í samræmi við 156. mgr. leiðbeiningarreglna um byggðaaðstoð ⁽³⁾.

3 Forsaga

- 5) ESA samþykkti núverandi byggðakort fyrir tímabilið 2014-2020 með ákvörðun nr. [91/14/COL](#), ⁽⁴⁾ („ákvörðunin um samþykki“). Samþykki ESA rennur út 31. desember 2020.
- 6) ESA breytti leiðbeiningarreglum um byggðaaðstoð ⁽⁵⁾ 15. júlí 2020. Samkvæmt 156. mgr. leiðbeiningarreglna um byggðaaðstoð ásamt breytingum var EES-EFTA-ríkjunum boðið að tilkynna ætlun sína um að framlengja byggðakort sín um eitt ár fyrir 15. september 2020.
- 7) Norsk stjórnvöld tilkynntu framlengingu á gildistíma byggðakortsins til 31. desember 2021, í samræmi við það.
- 8) Innlendar umbætur hafa orðið til þess að sveitarfélög hafa sameinast í nokkrum tilvikum í Noregi frá því að ákvörðunin um samþykki var samþykkt. Norsk stjórnvöld upplýstu ESA um það fyrirfram áður en sameiningar áttu sér stað og lögðu til að áfram verði litið á mismunandi hluta hinna sameinuðu sveitarfélaga sem hluta af sama svæði og 1. júlí 2014 (fyrsti dagur gildistíma byggðakortsins 2014-2020) þar til næsta breyting verður gerð á byggðakortinu og næsta áætlun verður gerð að því er varðar mismunandi almannatryggingagjöld eftir héruðum ⁽⁶⁾. Þessi nálgun mun tryggja að byggðakortið verði eins og það sem ESA samþykkti í ákvörðun um samþykki og að engin viðbótaraðstoð verði veitt. ESA gerði engar athugasemdir við framkvæmd þeirrar stefnu sem lögð var til ⁽⁷⁾.

4 Mat

- 9) Ítarlega lýsingu og mat á byggðakortinu er að finna í ákvörðuninni um samþykki. Var það niðurstaða ESA í ákvörðuninni um samþykki að byggðakortið sé í samræmi við meginreglurnar í leiðbeiningarreglum um byggðaaðstoð. Norsk stjórnvöld hafa tilkynnt um framlengingu í samræmi við lengdan gildistíma leiðbeiningarreglnanna um byggðaaðstoð, einkum breytinguna í 156. mgr. Þar sem norsk stjórnvöld hafa ekki tilkynnt um efnislegar breytingar aðrar en lengdan gildistíma, stendur fyrra mat ESA á samræmi byggðakortsins óbreytt.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 166, 5.6.2014, bls. 44, og EES-viðbætur nr. 33. 5.6.2014, bls. 1, breytt með ákvörðun ESA nr. 302/14/COL, Stjútíð. ESB L 15, 22.1.2015, bls. 103, og ákvörðun ESA nr. [090/20/COL](#) (ekki enn birt í Stjútíð. ESB).

⁽²⁾ 157. mgr. leiðbeiningarreglna um byggðaaðstoð eins og henni var breytt með ákvörðun ESA nr. [090/20/COL](#).

⁽³⁾ Skjöl nr. 1145279 og 1145277.

⁽⁴⁾ Stjútíð. ESB L 172, 12.6.2014, bls. 52, og EES-viðbætur nr. 34, 12.6.2014, bls. 18.

⁽⁵⁾ Ákvörðun ESA nr. [090/20/COL](#).

⁽⁶⁾ Skjal nr. 750458.

⁽⁷⁾ Skjal nr. 750715.

5 Niðurstaða

- 10) Samkvæmt þessu telur Eftirlitsstofnun EFTA að framlenging á norsku byggðakorti fyrir árið 2021 samrýmist leiðbeiningarreglum um byggðaaðstoð. Byggðakortið mun áfram verða óaðskiljanlegur hluti leiðbeiningarreglnanna um byggðaaðstoð til 31. desember 2021.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Bente Angell-Hansen

Forseti

*Stjórnarmaður sem fer með
málaflokkinn*

Frank J. Büchel

Stjórnarmaður

Högni Kristjánsson

Stjórnarmaður

Carsten Zatschler

Meðáritar sem deildarstjóri

lagaskrifstofu

EFTA-DÓMSTÓLLINN

Beiðni Beschwerdekommision der Finanzmarktaufsicht um ráðgefandi álit
EFTA-dómstólsins í máli ADCADA Immobilien AG PCC gegn Finanzmarktaufsicht

2020/EES/86/03

(Mál E-10/20)

EFTA-dómstólnum hefur borist bréf *Beschwerdekommision der Finanzmarktaufsicht* (áfrýjunarnefndar fjármálaeftirlitsins) frá 29. júlí 2020, sem var skráð í málaskrá dómstólsins 5. ágúst 2020, með beiðni um ráðgefandi álit í máli ADCADA Immobilien AG PCC gegn Finanzmarktaufsicht, að því er varðar eftirfarandi spurningar:

1. Hvaða forsendur ber að leggja til grundvallar við mat á því hvort nægilegar upplýsingar hafi verið gefnar út um skilmála útbóðs og þau verðbréf sem eru í boði, skv. d-lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útbóði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, svo fjárfesti sé kleift að taka ákvörðun um að kaupa eða skrá sig fyrir viðkomandi verðbréfum?
2. Hefur það verulega þýðingu við matið á því hvort almennt útbóð sé fyrir hendi í skilningi d-liðar 2. gr. reglugerðarinnar ef í auglýsingunni eru greinilegar leiðbeiningar með textanum 'HIER INFORMIEREN' („FREKARI UPPLÝSINGAR HÉR“) eða 'Unverbindlich informieren' („Frekari upplýsingar án skuldbindingar“) og skilmálar bréfanna í heild eru ekki tiltækir á netinu eða að öðru leyti tiltækir almennt?
3. Hefur það verulega þýðingu að því er varðar b-lið 4. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar ef tilboðsgjafi gerir viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að skilmálum verðbréfanna í heild sé miðlað til mögulegra kaupenda en bara ef þess er óskað, en á sama tíma sé þess gætt að upplýsingum sé aðeins beint að 149 einstaklingum eða lögpersónum, sem ekki eru fagfjárfestar, að hámarki, í hverju aðildarríki?
4. Hefur það verulega þýðingu að því er varðar b-lið 4. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar ef upplýsingum um útbóðið er dreift í gegnum mismunandi fjölmiðla í aðildarríki? Ef svo er, hver eru þá skilyrði þess að líta beri á útbóðið sem auglýst er í mismunandi fjölmiðlum sem samsteypta útbóðslýsingu gagnvart almenningi fyrir sömu verðbréf og hver eru skilyrði þess að um sé að ræða nýtt útbóð? Er mögulegt að fara niður fyrir töluna 150 einstaklinga eða lögpersónur í aðildarríki með því að skipta upp útbóðinu og auglýsa í mismunandi fjölmiðlum?

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2020/EES/86/04

(mál M.9956 – DTC/CEPCON/Hornsea One OFTO)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. desember 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Diamond Transmission Corporation Limited („DTC“, Bretlandi); lýtur yfirráðum Mitsubishi Corporation („Mitsubishi“, Japan)
- Chubu Electric Power Company Netherlands B.V. („CEPCON“, Niðurlöndum); lýtur yfirráðum Chubu Electric Power Co., Inc. (Japan)
- Hornsea One OFTO (Bretlandi)

DTC og CEPCON ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Hornsea One OFTO í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- DTC: eignarhaldsfélag sem samþættir fjárfestingarstarfsemi Mitsubishi í flutningskerfum. Mitsubishi er verslunarfélag með starfsemi í tengslum við orku, málma, vélbúnað, iðefni, matvæli og almennar vörur.
- CEPCON: eignarhald á verkefnum Chubu á erlendum vettvangi. Chubu: samstæða þjónustufyrirtækja með starfsemi í tengslum við rafveitu og tengd fyrirtæki, afhendingu á gasi og miðlun varmageymsla, einnig staðbundin orkufyrirtæki, ráðgjöf og fjárfestingar á erlendum vettvangi, fasteignaþjónusta og upplýsingatækniþjónusta.
- Hornsea One OFTO: eignarhald og rekstur á miðlunarneti fyrir vindorkubú Hornsea One undan ströndum.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 437, 18.12.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.9956 – DTC/CEPCON/Hornsea One OFTO

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.10021 – Netcompany/Copenhagen Airports/Smarter Airports JV)
Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

2020/EES/86/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. desember 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Netcompany A/S („Netcompany“, Danmörku)
- Københavns Lufthavne A/S („Copenhagen Airports“, Danmörku), sem lýtur sameiginlegum yferráðum Arbejdsmarkedets Tillægspension og Ontario Teachers' Pension Plan Board
- Smarter Airports A/S („Smarter Airports“, Danmörku)

Netcompany og Copenhagen Airports ná í sameiningu yferráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Smarter Airports.

Samruninn á sér stað með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki sem er sameiginlegt félag.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Netcompany: annast upplýsingatækniþjónustu.
- Copenhagen Airports: eignarhald og starfræksla flugstöðva á Kastrup og í Hróarskeldu í Danmörku.
- Smarter Airports: sér flugstöðvum þriðju aðila fyrir nýju flugstöðvarstjórnunarkerfi.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 437, 18.12.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.10021 – Netcompany/Copenhagen Airports/Smarter Airports JV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2020/EES/86/06****(mál M.10028 – Black Diamond Capital Management/Investindustrial Group/
Phenolic Specialty Resins Business of Hexion)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. desember 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Black Diamond Capital Management LLC („Black Diamond“, Bandaríkjunum)
- Fusion Investment S.a.r.l („FI“, Lúxemborg); lýtur yfirráðum Investindustrial S.A. („Investindustrial“, Lúxemborg)
- Phenolic Specialty Resins Business of Hexion („Target“, andlag viðskiptanna), sem tilheyrir Hexion Inc („Hexion“, Bandaríkjunum)

Black Diamond og Investindustrial ná í sameiningu yfirráðum í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar yfir fenól-iðefnastarfsemi Hexion „Phenolic Specialty Resins Business,“ (Black Diamond og Investindustrial einu nafni: „tilkynnendur“) („fyrirhuguð viðskipti“).

Samruninn á sér stað með kaupum á eignum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Black Diamond: fjárfestingaráðgjafarfyrirtæki sem leggur áherslu á fjögur svið fjárfestinga: i) sjóði með meirihlutaeignum í félögum í fjárhagserfiðleikum/framtakssjóði, ii) vogunarsjóði, iii) minnihlutaeignir í félögum í fjárhagserfiðleikum/lokaða sjóði með eignir í félögum í fjárhagserfiðleikum, og iv) skuldavafninga.
- Investindustrial: samstæða fjárfestingarfélag sem lúta sjálfstæðri stjórn, eignarhaldsfélaga og ráðgjafarfélag. Sjálfstæð dótturfyrirtæki sjóða sem stýrt er af félögum Investindustrial fjárfesta einkum í meðalstórum félögum sem starfa á sviðum á borð við neytendamarkað og afþreyingu, heilbrigðisþjónustu og þjónustu og iðnaðarframleiðslu.
- Hexion: framleiðsla á hitaerðandi resínefnum eða hitaerðandi efnum, límandi resínefnum og byggingarlegum resínefnum, sem og húðunarefnum. Andlag viðskiptanna (Target) framleiðir einkum fenól-sérnotaresín til notkunar þar sem þörf er á miklu hitaþoli og styrk, s.s. í bremsuklossa á eftirmarkaði eða frumframleiðslu í flutningabifreiðar, síur, íhluti fyrir flugvélar og resínefni til mótunar.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 435, 16.12.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.10028 – Black Diamond Capital Management/Investindustrial Group/Phenolic Specialty Resins Business of Hexion

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.10030 – Ube Industries/Mitsubishi Materials Corporation/JV)
Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

2020/EES/86/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. desember 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Ube Industries, Ltd. (Japan)
- Mitsubishi Materials Corporation (Japan)
- Sameiginlegt félag (Japan); lýtur yfirráðum Ube Industries, Ltd. og Mitsubishi Materials Corporation

Ube Industries, Ltd. og Mitsubishi Materials Corporation ná í sameiningu yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir hinu sameiginlega félagi (JV).

Samruninn á sér stað með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu fyrirtæki sem er sameiginlegt félag.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Ube Industries, Ltd.: annast framleiðslu og sölu á íðefnum, byggingarefnum og vélbúnaði.
- Mitsubishi Materials Corporation: annast framleiðslu og sölu á kopar og koparblönduvörum, rafrænum efnum og íhlutum, sindruðum harðmálmi og sindruðum pörtum, og sementi og aðfenginni steypu, bræðslu og fullhreinun og sölu á kopar, gulli og silfri. Mitsubishi Materials er einnig með orkutengda starfsemi, sem og umhverfistengda starfsemi og endurvinnslu.
- Sameiginlegt félag (JV): mun annast framleiðslu, vinnslu, sölu, kaup, innflutning og útflutning á sementi og vörum úr steinleir, mannvirkjagerð og byggingarefni. Starfsemi sameiginlegs félags mun einblína á Japan, Asíu-Kyrrahafssvæðið og Bandaríkin.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 437, 18.12.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.10030 – Ube Industries/Mitsubishi Materials Corporation/JV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbreffi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2020/EES/86/08****(mál M.10037 – Mitsui/Veolia/JV)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. desember 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Mitsui & Co., Ltd. („Mitsui“, Japan)
- Veolia Japan K.K. („Veolia“, Japan); lýtur yfirráðum Veolia Environnement (Frakklandi)

Mitsui og Veolia ná sameiginlegum yfirráðum, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar og 4. mgr. 3. gr. sömu gerðar, yfir nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki, eða Circular PET Co., Ltd. („Circular PET“, Japan)

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Mitsui: verslunar-, viðskiptastjórnunar- og verkefnastjórnunarfyrirtæki með höfuðstöðvar í Tókíó, Japan. Mitsui starfar um allan heim og í ýmsum greinum, m.a. með: i) járn- og stálvörur, ii) steinefna- og málmáldindir, iii) grunnvirki, iv) ferlimál, v) grunnefni vi) frammistöðuáætlun, vii) orku, viii) fæðuauðlindir, ix) neytendapjónusta, og x) upplýsingatækni- og samskipti/fyrirtækjaþróun.
- Veolia: fæst við þjónustu á sviði umhverfisstjórnunar. Um er að ræða lausnir fyrir vatnsstjórnun, meðhöndlun úrgangs og orkustýringu. Veolia er dótturfélag að fullu í eigu Veolia Environnement, sem er skráð í kauphöllina í París og starfar um allan heim. Veolia Environnement er með höfuðstöðvar í París, Frakklandi.
- Circular PET: mun annast framleiðslu á endurunnu pólýetýlen tereptalati úr úrgangi af flöskum úr pólýetýlen tereptalati í Japan.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB C 435, 16.12.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.10037 – Mitsui/Veolia/JV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbréfi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja**2020/EES/86/09****(mál M.10038 – Allied Universal Topco/G4S)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. desember 2020 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Allied Universal Topco LLC („Allied Universal“, Bandaríkjunum); lýtur yfirráðum Warburg Pincus LLC (Bandaríkjunum) og Caisse de Dépôt et Placement du Québec („CDPQ“, Kanada)
- G4S plc („G4S“, Bretlandi)

Allied Universal nær yfirráðum sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir G4S í heild.

Samruninn á sér stað með opinberu yfirtökutilboði sem tilkynnt var 8. desember 2020.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- G4S: alþjóðlegt samþætt öryggisfyrirtæki sem annast breitt úrval öryggisþjónustu um allan heim, m.a. vörslu, samþættar öryggislausnir, gæslu og varðhald, útlendingaefirlit og löggæslu, ásamt breiðu úrvali af annari þjónustu s.s. heilbrigðisþjónustu, krísustjórnun, umsjón með búnaði, starfsmannaleigu og lausnir sem varða reiðufé.
- Allied Universal: fyrirtæki sem annast öryggisþjónustu og umsjón með búnaði fyrirtækja: i) samþættar öryggislausnir sem felast í mannaðri vörslu og öryggistækni, ii) þrif og viðhaldsþjónusta, iii) áhætturáðgjöf og ráðgjafarþjónusta, og iv) tímabundin og varanleg vinnumiðlun í þágu viðskiptavina í ýmsum atvinnugreinum. Fyrirtækið er einkum með starfsemi í Bandaríkjunum, og í minna mæli í öðrum löndum, m.a. Bretlandi. Um er að ræða sameiginlegt fyrirtæki með fulla starfsemi, sem lýtur sameiginlegum yfirráðum Warburg Pincus, framtakssjóðs sem starfar um allan heim, og CDPQ, sem er stofnanafjárfestir.

3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun hvað þetta atriði varðar.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB C 436, 17.12.2020. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.10038 – Allied Universal Topco/G4S

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti, símbrefi eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Bréfsími: +32 229-64301

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjútíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.9449 – VAG/Varta (Consumer battery, chargers and portable power and lighting business))

2020/EES/86/10

Framkvæmdastjórnin ákvað 3. desember 2019 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004, sbr. 2. mgr. sömu greinar ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

